


# SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Háaleitisbraut 11, pósthólf 8100, 128 Reykjavík  
☎ (354) 581 3711, telefax (354) 568 7866



Sam 243/1996 PS/IH

Reykjavík 1. júlí 1996

*Alþingi*

*Erindi nr. b. 120,247*

*komudagur 3/7 1996*

**Umsögn um  
frumvörp til laga  
um lögræðislög (456. og 457. mál, sjálfræðisaldur)**


Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 28. júní sl. voru tekin fyrir bréf frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 29. maí 1996, þar sem leitað er eftir umsögn sambandsins um frumvörp til laga um lögræðislög, 456. og 457. mál, sjálfræðisaldur.

Stjórnin samþykkti að mæla með samþykkt frumvarps til laga um lögræðislög, 456. mál, sjálfræðisaldur, flutningsmenn Jóhanna Sigurðardóttir o.fl. Í því sambandi vísast til ályktunar 52. fulltrúaráðsfundar sambandsins, sem haldinn var í Borgarnesi 8. og 9. mars 1996, um vímuefnavarnir, sem fylgir hjálagt.

Virðingarfyllst,

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri

**Allsherjarnefnd Alþingis  
frú Sólveig Pétursdóttir, alþingismaður  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK**



*Ályktun  
um vímuefnavarnir*

Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga skorar á sveitarfélögin að leggja sitt af mörkum í baráttunni við fíkniefnavandamálið, sem teygir anga sína um allt land. Brýnt er að þau leggi verulega áherslu á forvarna- og fræðslustarf fyrir unglínga og fjölskyldur þeirra. Auk þess eru þau hvött til þess að bjóða upp á raunhæfa aðstoð og umönnun fyrir þá sem ánetjast hafa fíkniefnum. Aukinn stuðningur við íþrótt- og æskulýðsfélög er ein besta leið í forvarnarstarfi.

Skorað er á forsvarsmenn íþrótt- og æskulýðsfélaga að þeir sjái til þess að vímuefnum sé haldið frá öllu félagsstarfi. Víma, íþróttir og æskulýðsstarf eiga ekki samleið.

Fulltrúaráðið óskar jafnframt eftir því að ríkisstjórnin móti og leggi fram sem allra fyrst raunhæfa stefnu í vínuvarnamálum og afbrotavörnum. Heildarstefnu í þessum efnum vantar átakanlega. Þá er og skorað á stjórnvöld að beita sér þegar fyrir raunhæfri endurskoðun og endurbótum á stöðu fíkniefnarannsóknna og fíkniefnalöggæslu. Nauðsynlegt er að auka sjálfstæði fíkniefnalögreglunnar og stytta allar boðleiðir til þess að hún geti brugðist skjótt við hvar og hvenær sem er. Fulltrúaráðið felur stjórn sambandsins að beita sér fyrir því, að sjálfræðisaldur verði hækkaður úr 16 í 18 ár þegar á yfirstandandi þingi.

Fulltrúaráðið hvetur ennfremur Samband íslenskra sveitarfélaga til þess að beita sér fyrir því að fram komnar tillögur vinnuhóps sambandsins um fíkniefnamál verði fylgt eftir jafnt í einstökum þáttum sem í heild sinni. Jafnframt eru einstök sveitarfélög hvött til þess að fylgja tillögunum eftir, hvert fyrir sig.